

LÖG

um breyting á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta
viðskiptahætti, nr. 56/1978, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsstofnun skal í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð, verðmyndun og verðþróun á einstökum vöru- og þjónustuflokkum og gera samanburðarkannanir á verði milli seljenda.

Skal stofnunin rannsaka sérstaklega verðmyndun og verðþróun í þeim þjónustugreinum þar sem verðlagning er frjáls en þjónustan seld skv. samræmdri, leiðbeinandi verðskrá.

Verðlagsstofnun skal birta opinberlega greinargerðir og fréttatilkynningar um framan- greindar kannanir á þann veg að þær séu öllum aðgengilegar, svo og að upplýsa helstu breytingar á hinu opinbera verðmyndunarkerfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 50 12. maí 1970, um skipamælingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. grein laganna orðist þannig:

Skip skal mæla samkvæmt þeim alþjóðasamþykktum sem á hverjum tíma gilda um mælingu skipa og Ísland er aðili að. Heimilt er að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt þá um mælingu skipa sem undirrituð var í London 23. júní 1969 (International Convention on Tonnage Measurement of Ships, 1969). Þar til sú samþykkt tekur hér gildi skal mæla skip samkvæmt alþjóðareglum um mælingu skipa (International Regulations for Tonnage Measurement of Ships), gefnum út í Genf af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er í samningi, undirrituðum í Osló 10. júní 1947, að viðbættum breytingum á honum, undirrituðum í Osló 21. maí 1965. Eftir að alþjóðasamþykktin um mælingu skipa, sem undirrituð var í London 23. júní 1969, hefur tekið gildi skal þó heimilt að mæla íslensk

skip líka samkvæmt Osló-samþykktinni og færa brúttórúmlestatölu samkvæmt þeirri samþykkt inn á Þjóðernisskírteini, Öryggisskírteini og/eða haffærisskírteini skipa þar til öðruvísi verður ákveðið af ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, að fengnum tillögum siglingamálastjóra. Núgildandi ákvæði um búnað skipa og aðrar íslenskar reglur, sem miðast við rúmlestatölu skipa, skulu áfram miðast við brúttórúmlestir samkvæmt Osló-samþykktinni, nema annars sé getið í reglum.

Um mælingu skipa, sem alþjóðasamþykktir ná ekki til, setur ráðherra reglur að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum siglingamálastjóra ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

13. grein laganna orðist þannig:

Skip, sem mælt hefur verið samkvæmt alþjóðasamþykktinni um mælingu skipa (24 metrar eða lengri), skal fá alþjóðlegt mælibréf (International Tonnage Certificate) og skal texti þess vera bæði á íslensku og ensku.

Skip undir 24 metrum að lengd, sem mælt hefur verið samkvæmt reglum sem ráðherra hefur sett samkvæmt 2. grein laganna, skal fá íslenskt mælibréf.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina
Þjóðólfs Haga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilit að selja Stefáni Jónssyni, nnr. 8350-8663, jörðina Þjóðólfs-haga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Við sölu jarðarinnar skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.